

Átök um hvalveiðar

Halldór Ásgrímsson

Sjávarútvegsráðstefnan 2013

Forsagan

- * Hvalveiðar bannaðar með lögum 1913 og tók bannið gildi 1915
- * Alþingi samþykkti að aðeins Íslendingar gætu stundað hvalveiðar 1935
- * Hvalur h/f hefur takmarkaðar hvalveiðar 1948
- * IWC ákveður bann við hvalveiðum í atvinnuskyni 1982
 - * Átti að gilda í 5 ár frá 1986 og síðan endurmat

Viðbrögð Íslands ?

- * Hvað átti Ísland að gera?
- * Mótmæla og halda áfram á sömu braut?
- * Samþykkja bannið?
- * Ríkisstjórn vildi halda áfram veiðum
- * Alþingi samþykkti að hlýta banninu með 28 atkvæðum gegn 27 snemma árs 1983

Ný ríkisstjórn 1983

- * Vísindalegar upplýsingar takmarkaðar og mikil þörf á frekari rannsóknum
- * Rannsóknaráætlun lögð fram 1985 sem gerði ráð fyrir veiðum á 200 dýrum á ári í 4 ár
- * Hagnaður af veiðunum átti að standa straum af kostnaði við rannsóknir
- * Veidd voru 116 dýr 1986, 100 1987, 78 1988 og 68 1989, allt sandreyðar og langreyðar

Framvindan í kjölfarið

- * Mikil mótmæli og hótanir
- * Samið við Bandaríkin og viðskiptaþvingunum afstýrt
- * Viðskipti við Bandaríkin að mestu óbreytt, þrátt fyrir ákveðin vandamál (Coldwater)
- * Fyrirtæki í Þýzkalandi hættu kaupum á rækju (Aldi, Tengelman)
- * Víða mótmæli og áróður gegn ferðalögum til Íslands

Rannsóknáætlun 1986-1989

- * Verðmætar niðurstöður
- * Íslendingar leiddu m.a. fyrstu samhæfðu hvalatalningarnar á Norður Atlantshafi
- * Talningarnar gáfu áreiðanlegt mat á stofnstærðum hvala á svæðinu
- * Víðtækar rannsóknir á líffræði nytjahvala
- * Mikilvægar upplýsingar fengust um fæðunám hvala og stöðu þeirra í vistkerfinu við landið

Framhald málsins

- * IWC hefur ekki aflétt banninu
- * Stöðugt þrátefli innan IWC og ekkert endurmat aldarfjórðungi síðar
- * Ísland gekkst fyrir stofnun svæðasamtaka, NAMMCO
- * Ísland sagði sig úr IWC 1992
- * Gekk aftur inn 2002 og mótmælti þá hvalveiðibanninu.
- * Hvalveiðar í atvinnuskyni hafnar að nýju 2006

Staðan í dag

- * Hafró mælir með að veiða allt að 154 langreyðum 2014
- * Telur líklegt að sandreyðarstofninn (ca 10 þús dýr) þoli veiðar
- * Mælir með að veiða 229 hrefnur 2014
- * Hvalir taldir éta miljónir tonna af fæðu
- * Hvalir eru í samkeppni við aðra stofna
- * Mikilvægt að taka tillit til allra stofna og samhengis þeirra við ákvörðun veiða

Ávinningur af hvalveiðum

- * Hvalveiðar skila umtalsverðum tekjum
- * Vísindaleg þekking miklu betri í dag
- * Friðun hefur áhrif á aðra nýtanlega stofna
- * Ekki látið undan þvingunum og hótunum

Tap

- * Einhver áhrif á ferðamannastraum ?
- * Tapaðir markaðir á fiskafurðum ?
- * Færri ferðamenn í hvalaskoðun ?

Framtíðin

- * Byggja á vísindalegri ráðgjöf
- * Þekking en ekki tilfinningar ráði för
- * Fiskimiðin okkar mikilvægasta auðlind okkar sem þarf að nýta með sjálfbærum hætti
- * Nýting er undirstaða í lífssýn okkar og menningu
- * Sýnum ferðamönnum það sem við erum og viljum vera, ekki það sem við höldum að þeir vilji að við séum
- * Hvalveiðar og skoðun hvala eiga að geta farið saman
- * Þörf á kynningu